

KJARVAL

Goða pylsur
10 stk. í pakka

40% afsláttur

377 kr./pk.
verð áður 629

Samarið er tíminn!

40% afsláttur
KRANAN Kjúklíngur
Krónu kjúkl. blandaðir bitar
447 kr./kg
verð áður 745

40% afsláttur
Matfugl Kjúklíngur
Matfugl kjúklíngborgarar
1187 kr./kg
verð áður 1975

Óþyrft!

Rifinn ostur 3 tngundir
20% afsláttur

Allra samokubrauð, 500 g
159 kr. /pk.

Vatnamelónur
99 kr. /kg

Egils Pilsner 500 ml
99 kr. /pk.

TUC keks
169 kr. /pk.

Hunt's, 680 g Tómatsoða
299 kr. /pk.

EXPO - www.expo.is

Klaustur Sími: 487 4616 | Vk. Sími: 487 1325 | Hólastrútur Sími: 585 7500 | Þortíkabótt Sími: 585 7505 | Heila Sími: 585-7685

SJÁ OPNUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Tónlistarhátíðin Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri 2010

stendur yfir dagana 6. - 8. ágúst n.k.



Flytjendur eru blómenn úr yngri kynslóð íslenskra tónlistarmanna og flytja þeir á henni tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar, m.a glænýtt verk eftir Daníel Bjarnason tónskáld sem sérstaklega var samið fyrir þessa hátíð.

Þetta er 20. árið sem hátíðin er haldin, og í tilefni af því verður Edda Erlendsdóttir, stofnandi hátíðarinnar og lengst af listrænn stjórnandi, einn flytjenda á hátíðinni.

Auk Eddu eru flytjendur þau Elfa Rún Kristinsdóttir, Daníel Bjarnason, Francisco Javier Jáuregui, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Helga Þóra Björgvinsdóttir, Margrét Árnadóttir og Þórunn Ósk Marínósdóttir.

Listrænn stjórnandi hátíðarinnar nú er Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran-söngkona og lofar hún mikilli tónlistarveislu á Klaustri, nú sem ætíð.

Nánari upplýsingar um dagskrá eru á
Klaustur.is og miðapantanir í síma 487 4620.

Sjáumst í Kirkjuhvoli um helgina
Menningarmálanefnd Skaftárhrepps

31. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 4. ÁGÚST 2010

Halló Klausturhólar kalla.

Er einhver sem er að lesa blaðið tilbúinn að hjálpa okkur hér á Klausturhólum Kirkjubæjarklaustri í 3 vikur tímabilið frá 23. ágúst til 13. september.

Um er að ræða störf í aðhlyningu hjá eldra fólki. Morgunvaktir og kvöldvaktir eru í boði, einnig aðlögun fyrir óvana.

Klausturhólar er fyrirmyndar hjúkrunarheimili með góðan starfsanda.

**Hafið samband við Sigprúði Ingimundardóttur hjúkrunarforstjóra
í síma 487 4870 og 894 4985.**

Skógardagur skógræktarfélagssins Merkur

verður haldinn í reit félagsins að Hnausafit í Meðallandi laugardaginn 7. ágúst n.k. Mæting á bærjarlaðinu Syðri-Fljótum í Meðallandi kl. 13:30, leggjum þar fólkubílum og sameinust í jeppa sem við ökum á í reitinn.

Við skoðum reitinn, grillum og gleðjumst saman á góðum degi.

Guðmundur Óli mætir með harmóníkuna.

Allir áhugasamir hjartanlega velkomnir.

Skógræktarfélagið Mörk,
Kirkjubæjarklaustri.

Íkonasýning á Kirkjubæjarklaustri

Helgina 6. - 8. ágúst þegar hinir árlegu Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri fagna tuttugu ára afmæli sínu, stendur uppi sýning í kapellunni á Kirkjubæjarklaustri á íkonum eftir serbneska prestinn og íkonamálarann föður Jovica og listakonuna Kristínu Gunnlaugsdóttur.

Faðir Jovica er þekktur á Íslandi vegna sýninga sinna í íslenskum kirkjum sumarið 2008. Kristín lærði ung íkonamálun í klaustri í Rómaborg og hefur þróað þá list á frumlegan máta í málverkum sínum.



Ein af myndunum sem verður á sýningunni, "Heilagur Nicholas", verndari sjómanna.



Nýr sveitarstjóri í Dalabyggð

Sveinn Pálsson hefur verið ráðinn sveitarstjóri Dalabyggðar til næstu fjögurra ára. Hann tekur við af Grími Atlasyni sem verið hefur sveitarstjóri undanfarin tvö ár. Sveinn kemur til starfa þann 23. ágúst næstkomandi.

Sveinn er 48 ára gamall byggingarverkfræðingur, kvæntur Soffíu Magnúsdóttur skólalíða og eiga þau þrjá syni. Undanfarin átta ár hefur hann verið sveitarstjóri og byggingarfulltrúi í Mýrdalshreppi, en starfaði áður sem verkfræðingur og byggingarfulltrúi.

Sveinn hefur m.a. verið formaður stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá árinu 2007.

VITINN þakkar Sveini góð samskipti á liðnum árum og óskar honum og fjölskyldu hans velfarnaðar á nýjum slóðum.



Afmæli.

Tryggvi er 40 ára í dag.

Af því tilefni verður garðparty í bakgarðinum heima hjá honum laugardagskvöldið 7.ágúst.

Við byrjum um kl 21.00.

Fjölskyldan Einarstöðum.
(Vikurbrut 30 a)

Á DÖFINNI

GÖNGUFERÐIR FERÐAMÁLAFÉLAGS
SKAFTÁRHREPPS SUMARIÐ 2010

4. ágúst, Kvöldferð: Húsheiði ofan Hörgslands á Síðu Fararstjórn: Anna Harðardóttir. Mæting við Hörgsland kl. 19 (Skaftárskála kl. 18:50)

22. ágúst, Dagsferð: Botnar – Hnausar Fararstjórn: Júlíana Þóra Magnúsdóttir Akstur innifalinn – skráning fyrirfram

1. september: Kvöldferð: Með Brúnum; Hunkubakkar-Klaustur Fararstjórn: Björgvin Harðarson og Björk Ingimundardóttir Mæting við Hunkubakka kl. 19 (Skaftárskála kl. 18:50)

Hárgreiðslustofan á Kirkjubæjarklaustri lokuð vegna sumarleyfis frá 19. júlí til 23. ágúst.

Skógardagur skógræktarfélagssins Merkur verður haldinn í reit félagsins að Hnausafit í Meðallandi laugardaginn 7. ágúst n.k.

Þyrluflug eykst við Pétursey

Eins og sagt var frá í næstsíðasta Vita lenti erlendur þyrluflugmaður vél sinni fyrir framan fjósið í Eystri-Pétursey. En núna fyrir næstsíðustu helgi kom þyrla að Völlum til að sækja þangað bandaríska ljósmyndara.

Mynd: Anna Rósa Einarstöttir